

Rammasamningar

Markmið laga um opinber innkaup er að **tryggja jafnræði** fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri **með virkri samkeppni** og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.

Rammasamningar er eitt af skilgreindum innkaupaferlum samkvæmt lögum um opinber innkaup. Þegar innkaup eru boðin út í rammasamningsútboði þá eru öll innkaup opinberra aðila á tiltekinni vöru/þjónustu takmörkuð við ákveðna aðila yfir 4 ára tímabil. Framkvæmd innkaupa með gerð rammasamninga þarf að vera vel ígrunduð og mikilvægt er að beita þessu innkaupferli hófsamlega enda takmarka rammasamningar samkeppni og nýsköpun á markaði.

Á Íslandi eru í gildi 55 rammasamningar sem öllum ríkisstofnunum er gert skylt að vera aðili að. Í Danmörku eru í gildi 52 rammasamningar og samkvæmt Dönskum reglum þá ber ríkisstofnunum einungis skylda til að vera aðilar að 27 rammasamningum.

Starfsemi innkaupastofnanna

Starfsemi innkaupastofnanna í norðurlöndunum er takmörkuð við gerð Rammasamninga og gagnvirkra innkaupakerfa. Þessar stofnanir veita því ekki innkauparáðgjöf og taka ekki að sér framkvæmd annarra innkaupafarla í samkeppni við aðila á markaði.

Því er ekki þannig háttað hér á landi. Hér á landi veitir Ríkiskaup, sem er stofnun sem er á fjárlögum, alhliða útboðsþjónustu og innkauparáðgjöf í ójafnri samkeppni við Consensa. Ekki nóg með það þá hefur stofnunin gerst sek um að fullyrða það að þjónusta þeirra sé hagkvæmari en þjónusta Consensa, slíkar fullyrðingar standast hins vegar enga skoðun.

Gagnsæi við framkvæmd opinberra innkaupa

Einnig skal það haft í huga að Ríkiskaup kaupir að jafnaði sérfræðiþjónustu af verktökum fyrir á þriðja tug milljóna á ári til að geta spornað gegn því að sveitarfélög og stofnanir leyti til Consensa. Þjóðendur sem taka þátt í útboðum á vegum Ríkiskaupa hafa oftast nær engar upplýsingar um það hvaða utanaðkomandi ráðgjafar komu að gerð útboðsgagna.

Samkvæmt upplýsingum Evrópusambandsins er talið að 50% útboða sem auglýst eru af sveitarfélögum og stofnunum séu í raun unninn af utanaðkomandi ráðgjöfum án þess að það sé tiltekið. Með vísan til þess þá er eitt helsta markmið Evrópusambandsins með **eforms** sem eru nýjustu reglurnar um það hvaða upplýsingar eiga að koma fram í tilkynningum í tengslum við útboð að þar skuli tekið fram hvaða ráðgjafar komu að gerð útboðsgagna.

Það að Consensa taki að sér framkvæmd útboða fyrir sveitarfélög og stofnanir undir eigin nafni eykur gagnsæi og er í samræmi við áherslur Evrópusambandsins hvað það varðar.

Gagnagreining (Gagnadrifnar ákvarðanir) (data-driven decisions)

Í stefnu ríkisins um sjálfær innkaup frá 2021 er sagt að lagt skuli áherslu á að bæta greiningarhæfni og nýta skuli gögn ríkisins til markvissra greininga, úrbóta og eftirfylgni með árangri samninga.

Í frumvarpinu er hinsvegar allt í einu fullyrt að **forsenda þess að innkaup séu hagkvæm og skilvirk er að þau séu byggð á þekkingu og nýti tækni og gagnagreiningu** þannig að hægt sé að hafa fullnægjandi eftirfylgni með samningum til að tryggja árangur og góða þjónustu. Mikilvægi gagnagreiningu er m.a. sögð vera forsenda þess að leggja skuli niður Ríkiskaup og verkefni stofnunarinnar flutt til Fjársýslunar sem sé stofnun sem hafi undir höndum öll gögn er varða innkaup opinberra aðila.

Þetta er hins vegar ekki rétt. Það er ekki forsenda fyrir því að innkaup séu hagkvæm og skilvirk að ákvarðanir þeim tengdum séu byggðar á gagnadrifnum ákvörðunum eða það sem á ensku er kallað „Data-driven decisions“

